



Alþýðusamband Íslands

Mikill áhugi á námi Félagsmálaskólans

Það sem af er árinu hafa verið haldin fleiri námskeið en áður á vorönnum Félagsmálaskólans. Stéttarfélög hafa í auknum mæli sóst eftir fræðslu í gegnum skólann og hefur þátttaka verið mjög góð. Alls hafa 26 námskeið verið pöntuð á vorönninni það sem af er ári og er það met.

Félagsmálaskóli alþýðu bauð uppá 58 námskeið árið 2008. Þar af voru 21 opin námskeið og 30 trúnaðarmannanámskeið. Auk þess var einnig boðið uppá 7 sérsniðin námskeið fyrir stéttarfélög sem þess óskuðu. Góð aðsókn var á námskeiðin og í sumum tilfellum myndaðist biðlisti þar sem takmarkaður fjöldi þátttakanda komst að.

Námskeið á vegum skólans eru boðin fram á öllu landinu, allt eftir þörfum stéttarfélaganna. Þannig er hægt að óska eftir að fá öll námskeið heim í hérað á vegum Félagsmálaskólans ef næg þátttaka er fyrir hendi. Miðað er við að fjöldi þátttakenda fari ekki niður fyrir 10.

Eins og sjá má á eftirfarandi mynd var þátttaka kvenna á námskeiðum umtalsvert meiri en karla. Almenn þátttaka dróst saman árið 2007 frá því sem áður var. Milli árána 2007 – 2008 jókst þátttaka um 40% og var hún svipuð og árin á undan ef árið 2007 er undanskilið. Má búast við að þessi jákvæða þróun haldi áfram á þessu ári.

